



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Fréttabréf

Maí 2013 - 11. árgangur, 3. tölublað



Myndin er tekin af Krístrós Einarsdóttur og er af Einari Jónssyni og Elmari Breka Einarssyni (10 mánaða) að kíkja á lömbin

Miklir framtíðarmöguleikar fólgur í kaupum á Austurvegi 4.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur gert tilboð í eignir Reita á Hvolsvelli við Austurveg 4 (kaupfélagsbyggingarnar) lóð sem er um 2.5 hektarar og nær yfir allan miðbæ Hvolsvallar. Fasteignafélagið Reitir hafa tekið því tilboði.

Eðlilega er spurt hvers vegna vill sveitarfélagið kaupa þessar eignir? Fyrir því eru alveg ákveðnar ástæður. Í fyrsta lagi er slæmt að sveitarfélagið hafi ekki fullan umráðarétt yfir lóðinni sem tilheyrir þessum eignum því þar liggur miðbær Hvolsvallar. Í öðru lagi höfum við áhuga á að reyna að hafa áhrif á hverjir reki verslun í kaupfélagsbyggingunni en núverandi verslunarrekendur hafa svokallaðan forleigurétt og í þriðja lagi er mjög þrengt að þjónustustarfsemi sveitarfélagsins, m.a. leigjum við húsnæði fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa og eigum ekki mikla möguleika á að bjóða húsnæði undir ýmis samstarfs-

verkefni eins og Kötlu jarðvangsverkefni og aðra starfsemi.

Við teljum að við höfum náð góðum kaupsamningi en vitum líka að það kostar talsvert mikla peninga að halda eigninni við, endurnýja og endurnýta. Í þessu felast mikil tækifæri. Kostir okkar voru í raun þrír. Í fyrsta lagi að byggja nýtt hús – en við vorum öll sammála um að það kæmi ekki til greina í stöðunni. Annað var að láta þetta tækifæri fram hjá okkur fara og þriðja og síðasta lagi og láta slag standa og bjóða í eignir Reita. Í óformlegum viðræðum var kannað hvort Verkalýðsfélag Suðurlands og Lífeyrisjóður Suðurlands vildi koma að þessum kaupum og kom þar fram að það kæmi ekki til greina þannig að sveitarfélagið kemur til með að eiga eignina. Þó hefur einnig verið rætt um aðra möguleika í þeim efnum. Ljóst er að sveitarfélagið innheimtir leigu af verslunarhúsnæð-



Á myndinni má sjá þær Arndísi Finnsson og Ólöfu Guðbjörgu Eggertsdóttur

Afrakstur Góugleðinnar

Eins og flestir vita endurvakti Kvenfélagið Eining á Hvolsvelli Góuball fyrir ári síðan með það að leiðarljósi að safna pening sem nota mætti til góðra verka í héraði. Fyrsta verkefni var ákveðið að yrði fjölnota stóll fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol.

Arndís Finnsson formaður kvenfélagsins Einingar afhenti Ólöfu Guðbjörgu Eggertsdóttur hjúkrunarforstjóra stóllinn góða miðvikudaginn 10. apríl síðastliðinn. Stóllinn mun nýtast mörgum sem koma að aðhlyningu og dekri við heimilisfólk Kirkjuhvals s.s. snyrtifræðings, fóttaaðgerðafræðings, nuddara o.m.fl.

Sagt er að margar hendur vinni létt verk og svo sannarlega komu margir að þessum viðburði sem Góugleðin er. Kvenfélagið Eining vill koma á framfæri kærri þakklæti til allra þeirra sem lögðu hönd á plóginn varðandi undirbúning og framkvæmd Góugleðinnar.

inu og því húsnæði sem leigt er öðrum en sveitarfélaginu. Leigutekjurnar gætu numið líðlega 10 milljónum á ári hverju eins og staðan er í dag. Aðrir leigjendur eru VÍS, Búnaðarsamband Suðurlands, Skólaskrifstofa Suðurlands o.fl. Sveitarfélagið mun kaupa líkamsræktartæki sem eru í Líkamsræktarstöðinni Olympus og verða þau flutt í nýbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar en sú stöð opnar væntanlega í júlí n.k.

Við trúum því að við séum að taka gæfuspor inn í framtíðina því þetta skapar nýja möguleika fyrir samfélag okkar. Alger samstaða var um þessi kaup í sveitarstjórn og er undirritaður þakklátur fyrir það og málefnalegar umræður hvað fjárfestingu þessa varðar.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Aðstandendafélag heimilisfólks á Kirkjuhvoli

Þegar Félag aðstandenda heimilisfólks á Kirkjuhvoli var stofnað í fyrra var ákveðið í samvinnu við starfsfólk Kirkjuhvols að aðstoða og samræma styrkbeiðnir til tækjakaupa og búnaðar. Í þeim tilgangi var leitað til allra kvenfélaga í Rangárþingi eystra og til Rauðakrossdeildar Rangárvallasýslu og hafa allir brugðist ákaflega vel við. Þannig hafa á fyrsta ári félagsins safnast rúmlega 700 þúsund krónur. Félagið hefur getað keypt búnaðinn og fengið virðisaukaskatt endurgreiddan sem munar auðvitað miklu. Einnig hefur sveitarfélagið veitt félaginu rekstrarstyrk.

Annað verkefni Félags aðstandenda er að gera ýmislegt skemmtilegt eða fræðandi fyrir heimilismenn og í tilefni af eins ár afmæli félagsins um miðjan mars var boðið til afmælis-kaffis og fenginn frábær söngvari til að skemmta heimilismönnum, starfs-

mönnum og gestum. Heitir hann Stefán Helgi Stefánsson og söng öll gömlu góðu lögin við mikinn fögnuð áheyranda.

Þann 12. maí er fyrirhuguð ferð í sauðburð að Teigi í Fljótshlíð á vegum félagsins og verður þá ekið á einkabílum sem er mun þægilegra fyrir marga af heimilismönnum. Einnig verður boðið upp á kaffiveitingar.

Á Aðstandendadegi þann 26. maí nk. mun Félag aðstandenda aðstoða eftir bestu getu og hefur m.a. verið ákveðið að bjóða upp á söngatriði.

Allir sem vilja styrkja starfsemi



Kirkjuhvols geta gengið í félagið.

Á meðfylgjandi mynd frá afmælishátíð félagsins fékk Stefán Helgi Stefánsson tvo Guðjóna til að syngja með sér, annar úr stjórn aðstandendafélagsins og hinn heimilismaður. Ágústa Guðjónsdóttir tók myndina.



Kirkjuhvoli hafa borist góðar gjafir í apríl mánuði

Kvenfélagið Eining færði heimilinu fjölnota snyrtistól sem snyrtifræðingar, fótaaðgerðarfræðingar, nuddarar og fleiri geta nýtt sér. Önnur kvenfélög í sveitarfélaginu og Rauða Krossdeild Rangárvallasýslu gáfu stól fyrir sérfræðing að störfum, hjólaborð og lampa. Allir þessir hlutir munu mynda fullkomna snyrtistofu fyrir heimilismenn og viljum við á Kirkjuhvoli koma á framfæri kæru þakklæti til allra

þessara aðila. Við erum afar þakklát.

Heimilinu barst falleg útskorin gestabók að gjöf og færum við þakklæti til viðkomandi aðila sem vildu ekki láta nafn síns getið.

Margir góðir gestir hafa komið til okkar að undanförmu og má þar nefna Harmonikkufélag Rangæinga, Agnesi Hlín Péturstóttir og Guðna Steinarr Guðjónsson frá Hvolsskóla, en þau sigruðu í Stóru upplestrarkeppninni

Hunda- og kattahald í Rangárþingi eystra

Eins og oft áður hafa heyrst óánægjuraddir í þéttbýlinu vegna sóðaskaps er rekja má til hunda og katta. Eigendur hunda og katta bera ábyrgð á sínum dýrum og því sem þau skilja eftir sig og við hvetjum hunda- og kattaeigendur til að lesa sér til um reglur varðandi hunda- og kattahald á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig ber eigendum að skrá dýrin sín hjá sveitarfélaginu. Vinnum saman að því að gera sveitarfélagið hreint og fallegt.

og góðir gesti frá Hvítasunnukirkjunni komu og fluttu söng og falleg orð. Ljóðahópur 7 kvenna úr Kópavogi og Eldri Þrestir, undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar, komu og sungu fyrir okkur á Sumardaginn fyrsta.

Við þökkum öllum gestum fyrir komuna, alltaf gaman að fá góða gesti.

Óskum öllum gleðilegs sumars

Þemadagar í Hvolsskóla 22.- 24. apríl

Yngsta stig

Á þemadögum að vori eru stigin þannig samansett að nemendur sem verða saman á stigi næsta skólaár er blandað saman í vinnuhópa. Á yngsta stigi voru því nemendur elsta árgangs á leikskólanum og 1. – 3. bekkur. Vinnustöðvar voru hér í skólanum en einnig var vinnustöð uppi á leikskóla.

Þemað á yngsta stigi að þessu sinni voru tröllin. Börnin komu með hugmyndir að viðfangsefnum og voru settar upp vinnustöðvar út frá þeim hugmyndum. Lesnar voru sögur og unnin verkefni, unnið var með leikræna tjáningu og tröllatónlist og svæði stigsins var útbúið sem stór tröllahellir, þar sem tröll stóð yfir potti á meðan annað hraut. Sjá mátti tröllandlit víðsvegar um stofuna. Um miðbik morgunsins samnaðist hópurinn saman í íþróttahúsinu og steig dans undir stjórn Jóns Péturs. Bæði börn og fullorðnir virtust hafa bæði gagn og gleði af þessum dögum.



Elstu börnin úr leikskólanum

Miðstig

Á miðstigi voru vísindadagar þar sem að nemendur fengu að gera ýmsar tilraunir og þrautir.

Tilraunastöðvunum var skipt í þrjú svæði og fengu nemendur að prófa nokkrar tilraunir á hverri stöð. Þar var m.a. látið gjósa úr eldfjalli, litaðar rósir, poppað rautt og blátt popp, og sullað í nýrri slímtegund svo eitthvað sé nefnt.

Mikill spenningur var í ratleik sem settur var upp víðsvegar um skólann og reyndi á færni til að afla sér upplýsinga, sumir komust í töluvert keppnisskap til að ná sem flestum stigum.

Miðstignemendur fengu 60. mín danstíma á hverjum degi á vísindadögum og lærðu þar hin sívinsæla Gangnan style. Ríkti gleði og fjör á dansæfingunum.



Börn af elsta stigi að dansa



Börnin á yngsta stigi skreyttu námsverið

Elsta stig

Á elsta stigi voru nemendur 7.-9. bekkjar. Þar voru opnir dagar og gátu nemendur valið á milli mismunandi viðfangsefna. Flestir nemendur völdu hestamennsku og kvikmyndagerð auk þess sem dans og hjólreiðar voru vinsælt val. Að lokum var einn hópur í húsgagnaviðgerð. Í lok dags fór hópurinn í íþróttahúsið og dansaði.

Allir nemendur skemmtu sér vel og nutu þeirra verkefna sem þau unnu að. Margar kvikmyndir voru gerðar, enda á útreiðatúr, dansað var af miklum móð og nemendur löppuðu upp á gömul og lúin húsgögn.

Þessa daga var 10. bekkur í starfskynningum víðsvegar um Reykjavík og Suðurlandið sem heppnuðust mjög vel.

HREINSUNARDAGUR
verður í Rangárþingi
eystra seinni partinn í maí.
Dagsetningin verður nánar
auglýst síðar á heimasíðu
sveitarfélagsins.

Njálurefillinn

Þann 18. apríl sl. var lokið við að gera þá aðstöðu sem Njálurefillinn mun vera saumaður í til frambúðar. Það var Úlfar Albertsson sem hafði yfirumsjón með verkinu. Eins og sjá má á myndinni úr salnum þá er þetta björt og rúmt svæði og saumaandinn þykir afar góður þarna inni. Þær Gunnhildur og Christina eru ánægðar með hversu vel gengur með refileinn núna um 3 mánuðum eftir að fyrsta sporið var tekið. Fólk á öllum aldri kemur að sauma, heimamenn og aðkomufólk og allir virðast skemmta sér hið besta. Magni Ásgeirsson söngvari kom t.d. og setti nokkur spor í refileinn og sýndi það og sannaði að saumaskapurinn er ekki síður fyrir karla en konur.



Magni saumaði af kappi.



Saumað í Njálurefil



Njálurefill aðstaða

Frá Félagi eldri borgara PÚTTÆFINGAR

Púttið byrjar á Strandavelli **þriðjudaginn 14. maí kl: 14:00.** Marta Arngrímsdóttir tekur á móti öllum sem vilja koma engin takmörk í fjölda. Mætum vel og sláum mörg met í sumar

Stjórnin

Geymslugámasvæði Rangárþing eystra hefur tekið í notkun geymslugámasvæði að Ormsvelli 1a.

Þar geta íbúar leigt sér stæði undir bæði 20 og 40 feta geymslugáma.

Frekari upplýsingar veitir Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi í síma 487-1200 og á netfanginu bygg@hvolsvollur.is.



Rangárþing eystra Hlíðarvegur 16 860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200 - Fax: 488-4209

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir

Ábyrgð: Ísólfur Gylfi Pálmason

Landsmót Samfés í Rangárþingi eystra



Félagsmiðstöðin Tvisturinn mun halda utan um Landsmót Samfés nú á haustdögum.

Á landsmót koma um 400 unglingar frá tæplega 90 félagsmiðstöðvum víðvegar af landinu og taka þátt smiðjustarfi sem er í boði. Félagsmiðstöðin Tvisturinn hefur sótt Landsmót Samfés undanfarin ár en munu nú, eins og áður segir, halda utan um framkvæmdina. Samfés eru frjáls félagsamtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

Kosið er til Ungmennaráðs Samfés og er það lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára (8. – 10. bekkur) alls staðar að af landinu. Daníel Anton Benediktsson frá Hvolsvelli var kosinn í Ungmennaráð Samfés í fyrra. Landsmótið stendur yfir eina helgi og er því um stóran og veglegan æskulýðsviðburð að ræða.

Kveðja starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar.